



**SAMEINING SVEITARFÉLAGA Á
VESTURLANDI**

Könnun meðal íbúa

**Unnið fyrir Samtök sveitarfélaga á
Vesturlandi**

Grétar Þór Eypórsson
Kjartan Ólafsson

október 2004

1. INNGANGUR

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri¹ framkvæmdi rannsókn í september og október 2004 þar sem könnuð voru viðhorf íbúa í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi til sameiningar sveitarfélaga. Rannsóknin var unnin að beiðni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðunum.

1.1. Framkvæmd og heimtur

Rannsóknin náði til íbúa á Vesturlandi og var þýðið fólk á aldrinum 18-80 ára sem búsett var á svæðinu þann 1. ágúst 2004. Úr þessum hópi var dregið lagskipt slembiúrtak. Ákveðið var að hafa þennan hátt á vegna þess hve íbúaföldi er mismunandi milli sveitarfélaga á svæðinu. Þannig var í raun dregið sérstakt úrtak úr hverju hinna 17 sveitarfélaga sem eru á Vesturlandi. Í upphaflegu úrtaki voru samtals 1512 manns en af þeim reyndust 148 vera fluttir eða af öðrum orsökum utan úrtaks. Endanlegt úrtak varð því 1364 manns. Alls féllust 994 á að svara spurningalistanum og telst svörun því vera 73% sem er vel viðunandi í rannsókn sem þessari. Um var að ræða símakönnun og var hún framkvæmd á tímabilinu 15. september - 16. október 2004.

1 Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) er sjálfstæð stofnun innan Háskólans á Akureyri. Hlutverk RHA er að stuðla að og styðja við vísindalega starfsemi innan Háskólans og er stofnunin tengiliður milli Háskólans og atvinnulífsins hvað varðar rannsókn- og þróunarstarf. RHA aflar tekna til starfsemi sinnar með öflun rannsóknastyrkja, verkefnum og þjónustu

Tafla 1: Yfirlit um úrtak og heimtur.

	Upphaflegt úrtak	Endanlegt úrtak	Fjöldi svara	Svörun %
Akranes	385	345	250	72,5
Borgarbyggð	280	241	189	78,4
Borgarfjarðarsveit	83	65	41	63,1
Dalabyggð	82	77	58	75,3
Eyja- og Miklaholtshreppur	48	39	31	79,5
Grundarfjarðarbær	87	79	52	65,8
Helgafellssveit	27	26	21	80,8
Hvalfjarðarstrandarhreppur	52	51	39	76,5
Hvítársíðuhreppur	37	35	28	80,0
Innri Akraneshreppur	48	48	37	77,1
Kolbeinsstaðahreppur	42	41	33	80,5
Leirár- og Melahreppur	48	47	32	68,1
Saurbæjarhreppur	38	33	19	57,6
Skilmannahreppur	46	43	36	83,7
Skorradalshreppur	28	26	18	69,2
Snæfellsbær	92	83	52	62,7
Stykkishólmur	89	85	58	68,2
Samtals:	1512	1364	994	72,9

1.2. Úrvinnsla

Hafa ber í huga að hér er um úrtaksrannsókn að ræða en slíkar rannsóknir byggjast á þeirri forsendu að unnt sé að skoða hegðun og meta viðhorf stórra hópa fólks með því að spyrja hluta hópsins sé þess aðeins gætt að þeir sem rætt er við hafi ekki aðrar skoðanir eða hegði sér á annan hátt en þeir sem ekki er rætt við. Þetta er venjulega tryggt með því að velja þá sem rætt er við af handahófi úr hópi allra mögulegra viðmælenda (dregið er slembiúrtak) og leitast við að ná til eins stórs hluta þeirra og mögulegt er (svörun sé viðunandi), líkt og gert er í þessari rannsókn. Þessi aðferð felur þó í sér að búast má við að niðurstöður rannsóknarinnar víki lítillega frá því sem verið hefði ef rætt hefði verið við alla mögulega viðmælendur (í þessu tilviki alla íbúa á Vesturlandi á aldrinum 18-80 ára). Áreiðanleiki niðurstaðna í þessari rannsókn er hins vegar metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert

sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í umræðu um svör við einstökum spurningum.

1.3. Spurningarnar

Í könnuninni voru svarendur spurðir tveggja spurninga. Fyrst var spurt:

Sameiningar sveitarfélaga eru nokkuð til umræðu um þessar mundir. Ert þú almennt hlynnt(ur) því eða andvíg(ur) að sameina þitt sveitarfélag öðru eða öðrum sveitarfélögum?

Seinni spurningin var opin þar gafst þeim sem voru mjög eða frekar hlynntir sameiningu í spurningunni á undan gefinn kostur á að nefna, hvað sveitarfélögum ætti þá að sameinast.

Hvaða sveitarfélagi eða sveitarfélögum teldirðu æskilegast að sameina þitt sveitarfélag?

Einnig var þeim sem lýstu sig ekki hlynnta sameiningu gefinn kostur á að nefna kosti. Því voru þeir spurðir á eftirfarandi hátt:

Hvaða sveitarfélagi eða sveitarfélögum teldirðu æskilegast að sameina þitt sveitarfélag, ef sameining kæmi engu að síður upp?

Hugsunin með þessum spurningum var að fá fram hvaða sameiningarmynstur fólki hugnaðist helst, óbundið með öllu. Hafa ber einnig í huga að þegar könnunin var framkvæmd höfðu tillögur frá Sameiningarnefnd hins svokallaða átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins ekki verið lagðar fram og höfðu þær því ekki áhrif á val fólks, né heldur var hægt að spyrja fólk áhlits á tillögunum.

Það skal áréttað að hér er um að ræða könnun á hug íbúa í sveitarfélögum á Vesturlandi og því hvaða sameiningarkosti þeir sjá fyrir sér.

2. NIÐURSTÖÐUR

Á eftirfarandi síðum er niðurstöðum kannana í hverju sveitarfélagi fyrir sig gerð skil. Fyrst er greint frá svörum við spurningu um hvort viðkomandi sé hlynntur eða andvígur sameiningu. Þá er sýnt hvaða sameiningarmynstur voru helst nefnd hjá fólki og loks sýnir súlurit hversu oft einstaka sveitarfélög voru nefnd sem sameiningarkostur, þó í mismunandi samhengi eða mynstri væri. Það á að gefa vísbendingar um hvaða sveitarfélög eru helstu sameiningarkostir hverju sinni. Loks verður reynt að rýna í niðurstöðurnar meira heildrænt og meta út frá þeim hvaða líkur séu á að fyrirbyggjandi tillögur Sameiningarnefndar áttaksverkefnis um eflingu sveitarfélaganna verði samþykktar.


Akranes

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	52%		
Frekar hlynnt(ur)	40%		
Frekar andvíg(ur)	6%		
Mjög andvíg(ur)	2%		
Samtals hlyntir	92%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	88%
			95% vissu

Helst nefndu sameiningarkostir

Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Skilmannahreppur	45%
Reykjavík	14%
Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur	7%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Meira en 9 af hverjum 10 Skagamönnum eru hlyntir sameiningu (92%) og ber þar langhæst að vilji stendur til að sameinast litlu sveitarfélögunum fjórum á svæðinu sunnan Skarðsheiðar (45%). Viljinn er því skýr þarna, en það hlýtur að vekja nokkra athygli að 14% nefna sameiningu við Reykjavík. Þá nefna 7% sameiningu við Innri – Akraneshrepp og Skilmannahrepp eingöngu. Allmargar samsetningar voru nefndar, en þessar helst. Innri – Akraneshreppur er oftast nefndur sem kostur í einhverju samhengi (74%).


Borgarbyggð

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	42%		
Frekar hlynnt(ur)	47%		
Frekar andvíg(ur)	6%		
Mjög andvíg(ur)	4%		
Samtals hlyntir	89%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	83%
		95% vissu	

Helstu sameiningarkostir

Borgarfjarðarsveit	30%
Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Skorradalshreppur	12%
Akranes	8%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Um 90% íbúa Borgarbyggðar eru hlyntir sameiningu. Sameiningarmynstur sem nefnd eru eru þó ekki ótvíræð. Þó nefna 30% Borgarfjarðarsveit eingöngu, en 12% hana ásamt Hvítársíðuhreppi og Skorradalshreppi. Þá er Akranes einnig nefnt af 8 prósentum. Borgarfjarðarsveit er það sveitarfélag sem er íbúum Borgarbyggðar langefst í huga þegar sameiningu ber á góma (71%). Rétt er að fram komi að yfirlýsing um vilja til sameiningar við sveitarfélög í Borgarfirði var ekki komin úr Kolbeinsstaðahreppi þegar könnunin var gerð. Kann það hugsanlega að hafa breytt einhverju í þessum efnum.


Borgarfjarðarsveit

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	32%		
Frekar hlynnt(ur)	56%		
Frekar andvíg(ur)	6%		
Mjög andvíg(ur)	6%		
Samtals hlyntir	88%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	77%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Borgarbyggð, Hvítársíðuhreppur, Skorradalshreppur	33%
Borgarbyggð	21%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Í Borgarfjarðarsveit lýsa tæplega 9 af hverjum 10 sig hlynnta sameiningu. Tvö mynstur eru langefst í huga íbúa sveitarfélagsins. Borgarbyggð, Hvítársíðuhreppur og Skorradalshreppur nefna 33% og Borgarbyggð eina 21%. Þessi 3 sveitarfélög eru langofast nefnd og því virðast skilaboðin úr Borgarfjarðarsveit vera skýr.


Dalabyggð

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	21%	
Frekar hlynnt(ur)	47%	
Frekar andvíg(ur)	21%	
Mjög andvíg(ur)	11%	
Samtals hlyntir	68%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v. 55% 95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Saubæjarhreppur, Reykhólahreppur	35%
Borgarbyggð	11%
Saubæjarhreppur	11%
Reykhólahreppur	11%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Í Dalabyggð eru rétt ríflega 2/3 hlyntir sameiningu, eða 68%. Sameining við Reykhólahrepp og Saubæjarhrepp er nefnd sem æskileg af 35%, en 11% nefna þá hreppa hvorn um sig eina. Þá nefna 11% Borgarbyggð. Hugur Dalamanna stendur klárlega mest til næstu granna sinna í vesturátt og er Reykhólahreppur eilítið vinsælli sameiningarkostur en Saubæingar. Telja má vísbendingar hér vera nokkuð skýrar. RHA gerði svipaða könnun fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga fyrr á árinu og í henni nefndu flestir á Reykhólum Dalabyggð sem sameiningarkost eða 38%. Dalabyggð og Saubæ nefndu 32%. Hér virðist því vera um að ræða samhljóm milli þessara sveitarfélaga, hvað sameiningarkosti varðar.


Eyja- og Miklaholtshreppur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	38%	
Frekar hlynnt(ur)	50%	
Frekar andvíg(ur)	8%	
Mjög andvíg(ur)	4%	
Samtals hlynntir	88%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v. 76% 95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Borgarbyggð	58%
Kolbeinsstaðahreppur	16%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Vilji til sameiningar er klár í Eyja- og Miklaholtshreppi, en 88% eru hlynntir sameiningu. Sameining við Borgarbyggð er sá kostur sem langmest er litið til (58%), en einnig er nágrenninn Kolbeinsstaðahreppur nefndur af 16%. Erfitt er um að segja hvort val á Borgarbyggð einni þýði að sameiningar við nággranna hennar séu ekki inni í myndinni. Þar eð Borgarbyggð er stærsta sveitarfélagið á svæðinu má telja að það hafi haft áhrif á að það var gjarna nefnt eitt og sér af íbúum í Eyja og Miklaholtshreppi.

Sameiningarnefnd eflingarátaks hefur lagt til að hreppurinn sameinist sveitarfélögum á Snæfellsnesi. Niðurstöður þessarar könnunar sýna að hugur íbúanna stendur greinilega annað, þó svo Stykkishólmur og Snæfellsbær séu nefndir sem sameiningarkostir.


Grundarfjarðarbær

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	18%	
Frekar hlynnt(ur)	21%	
Frekar andvíg(ur)	16%	
Mjög andvíg(ur)	45%	
Samtals hlynntir	44%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v. 24%
		95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Snæfellsbær	33%
Snæfellsbær, Stykkishólmur	30%
Stykkishólmur	21%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Í Grundarfjarðarbæ eru fleiri andvígir en hlynntir, en ekki munar þó mjög miklu. Alls eru 44% hlynntir sameiningu, en hópurinn sem er mjög andvígur er mjög stór (45%). Æskilegustu kostirnir eru: Snæfellsbær einn 33%, Snæfellsbær ásamt Stykkishólmi 30% og Stykkishólmur einn 21%. Þetta eru afgerandi þeir kostir sem nefndir eru og ekki mikið um aðra. Súluritið að ofan staðfestir þetta einnig, en nágrannar Grundfirðinga í austri og vestri eru einu kostirnir sem eitthvað kveður að. Engu að síður benda niðurstöðurnar til þess að úrslit kosninga um sameiningu gætu orðið neikvæð – hafa verður í huga að 45% aðspurðra tók mjög skýra afstöðu gegn sameiningum.


Helgafellssveit

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	44%		
Frekar hlynnt(ur)	31%		
Frekar andvíg(ur)	13%		
Mjög andvíg(ur)	12%		
Samtals hlynntir	75%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	54%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Eyja- og Miklaholtshr., Grundarfjarðarbær, Kolbeinsstaðahreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmur	29%
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmur	16%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Enda þótt góður meirihluti sé fyrir sameiningu í Helgafellssveit (75%) er viljinn nokkuð óljósari þegar litið er til þeirra mynstra sem nefnd eru. 29% nefna sameiningu við öll sveitarfélög á Snæfellsnesi og 16% nefna Eyja- og Miklaholtshrepp, Snæfellsbæ og Stykkishólm. Ekki er því auðvelt að sjá skýra vísbendingu um vilja, annan en að hugur stendur til sameiningar.


Hvalfjarðarstrandarhreppur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	53%		
Frekar hlynnt(ur)	38%		
Frekar andvíg(ur)	6%		
Mjög andvíg(ur)	3%		
Samtals hlynntir	91%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	82%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Skilmannahreppur 91%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Vilji íbúa Hvalfjarðarstrandarhrepps er skýr, eins og hann birtist í könnuninni. Meira en 9 af hverjum 10 vill sameiningu og sú sameining er við nágrannasveitarfélögin, að Akranesi slepptu. Hér tala allar tölur sínu máli.


Hvítársíðuhreppur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	8%		
Frekar hlynnt(ur)	54%		
Frekar andvíg(ur)	27%		
Mjög andvíg(ur)	11%		
Samtals hlynntir	62%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	88%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit	29%
Borgarbyggð	25%
Borgarfjarðarsveit	25%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Í Hvítársíðuhreppi eru 62% hlynntir sameiningu. Tillögur um æskilega sameiningu eru nokkuð skiptar, en þó snúast þær mest um tvö sveitarfélög, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit, saman eða sitt í hvoru lagi. Skorradalshreppur kemur einnig við sögu í mögulegum kostum. Ekki verður annað af þessu ráðið en að íbúar Hvítársíðuhrepps séu nokkuð hallir undir þá sameiningu sem verið hefur í undirbúningi.


Innri–Akraneshreppur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	58%		
Frekar hlynnt(ur)	36%		
Frekar andvíg(ur)	0%		
Mjög andvíg(ur)	6%		
Samtals hlynntir	94%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	88%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Hvalfjarðarstrandarhreppur, Leirár- og melahreppur, Skilmannahreppur	77%
Akranes, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Leirár- og melahreppur, Skilmannahreppur	11%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Líkt og í Hvalfjarðarstrandarhreppi er vilji íbúa Innri – Akraneshrepps skýr, eins og hann birtist í könnuninni. Meira en 9 af hverjum 10 vill sameiningu og sú sameining er við nágrannasveitarfélögin, að Akranesi slepptu. Hér tala allar tölur sínu máli. Hér er fylgi við Akranes heldur meira en á Hvalfjarðarströnd.


Kolbeinsstaðahreppur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	13%		
Frekar hlynnt(ur)	27%		
Frekar andvíg(ur)	30%		
Mjög andvíg(ur)	30%		
Samtals hlynntir	40%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	27%
		95% vissu	

Helstu sameiningarkostir

Borgarbyggð	70%
Reykjavík	11%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Í Kolbeinsstaðahreppi er ekki meirihluti fyrir sameiningu, aðeins 40% eru hlynntir. Sá kostur sem klárlega er þó helst uppi á borðinu er Borgarbyggð, eða 70%. Þá er Reykjavík all títtnefnd. Borgarfjarðarsveit er einnig nefnd í einhverju samhengi af 15%. Ef ráða á í þessar niðurstöður, er þó ekki hægt að fullyrða tölfræðilega að minnihluti sé með sameiningu, þar eða skekkjumörkin (13%) ná yfir 50%. Hugur íbúa til þess hverjum skuli sameinast er þó í sömu átt og lagt hefur verið til.


Leirár- og Melahreppur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	81%		
Frekar hlynnt(ur)	10%		
Frekar andvíg(ur)	6%		
Mjög andvíg(ur)	3%		
Samtals hlynntir	91%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	82%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Hvalfjarðarstrandahreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur	69%
Akranes, Hvalfjarðarstrandahreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur	14%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Í Leirár- og Melahreppi eru niðurstöður afar svipaðar og í nágrennahreppunum Innri – Akraneshreppi og Hvalfjarðarstrandahreppi. Mikill meirihluti vill sameiningu litlu sveitarfélaganna fjögurra innbyrðis. Hér er þó Akranes með í myndinni hjá 14%.


Saurbæjarhreppur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	47%		
Frekar hlynnt(ur)	32%		
Frekar andvíg(ur)	5%		
Mjög andvíg(ur)	16%		
Samtals hlyntir	79%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	64%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Dalabyggð, Reykhólahreppur	76%
----------------------------	-----



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Nærfellt 80% Saurbæinga eru hlyntir sameiningu. Sá sameiningarkostur sem er yfirgnæfandi í hugum þeirra er að sameinast bæði Dalabyggð og Reykhólahreppi. Sé mið tekið af viðhorfum í Dalabyggð og úr eldri könnun í Reykhólahreppi má telja verulegar líkur á því að íbúar þessara þriggja sveitarfélaga muni kjósa með þeirri tillögu sem gengur út á sameiningu þeirra. Í því sambandi virðist þó sem Reykhólahreppur sé stærsta spurningamerkið.


Skilmanahreppur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	34%	
Frekar hlynnt(ur)	24%	
Frekar andvíg(ur)	12%	
Mjög andvíg(ur)	30%	
Samtals hlynntir	58%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v. 44%
		95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Hvalfjarðarstrandahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur	66%
Akranes	13%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Í Skilmanahreppi eru niðurstöður mjög í sömu átt og í nágrennahreppunum Innri – Akraneshreppi, Leirár- og Melahreppi og Hvalfjarðarstrandahreppi. Veikari meirihluti er þó hér fyrir sameiningu litlu sveitarfélaganna fjögurra innbyrðis, en hjá nágrennunum, eða tæp 60%.

Niðurstaða kannana í hreppunum fjórum gefa vísbendingu um að sameining þeirra verði samþykkt.


Skorradalshreppur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	33%		
Frekar hlynnt(ur)	27%		
Frekar andvíg(ur)	13%		
Mjög andvíg(ur)	27%		
Samtals hlynntir	60%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	41%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit	27%
Hvalfjarðarstrandarhreppur	13%
Borgarfjarðarsveit, Hvalfjarðarstr.hr, Innri-Akraneshr., Leirár- og Melahr., Skilmannahreppur	13%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Enda þótt 6 af hverjum 10 aðspurðra í Skorradalshreppi séu hlynntir sameiningu virðist lítil eining um það hverjum ætti að sameinast. Rétt ríflega fjórði hver nefnir Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit, sem eru klárlega vinsælustu sameiningarkostirnir, en mikill fjöldi sveitarfélaga er nefndur til sögu. Þetta gerir málið nokkuð flókið ef ráða á í hvernig tillögu sameiningarnefndar reiðir af meðal Skorrdælinga. Athygli hlýtur að vekja hversu oft hrepparnir sunnan Skarðsheiðar eru nefndir.


Snæfellsbær

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	27%		
Frekar hlynnt(ur)	39%		
Frekar andvíg(ur)	22%		
Mjög andvíg(ur)	12%		
Samtals hlynntir	66%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	52%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Grundarfjarðarbær, Stykkishólmur	41%
Grundarfjarðarbær	17%
Stykkishólmur	14%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Í Snæfellsbæ eru 2 af hverjum 3 hlynntir sameiningu. Sameining við Grundfirðinga og Stykkishólm er greinilega efst í huga íbúanna (41%). 17% nefna síðan Grundarfjarðabæ einan og 14% Stykkishólm einan. Það ætti því að vera nokkuð ljóst hvert hugur Snæfellsbæinga stefnir í þessum efnum.


Stykkishólmur

Fylgi við sameiningu

Mjög hlynnt(ur)	33%		
Frekar hlynnt(ur)	51%		
Frekar andvíg(ur)	9%		
Mjög andvíg(ur)	7%		
Samtals hlynntir	84%	Lágmarksfylgi við sameiningu, almennt, m.v.	73%
			95% vissu

Helstu sameiningarkostir

Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit	22%
Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær	17%
Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær	15%



Hlutfall sem nefnir tiltekin sveitarfélög í hóp æskilegra sveitarfélaga til að sameinast.

Í Stykkishólmi er mikið fylgi við sameiningu. Enginn ákveðinn kostur virðist þó vera vinsælastur. Sameining við næstu nágretta í Helgafellssveit og Grundarfirði er þó nefnd af flestum (22%). Það myndur að Snæfellsbæ viðbættum er nefnt af 17% og 15% nefna það myndur með Eyja- og Miklaholtshrepp að auki. Ekki er því afgerandi hvað fólk í Stykkishólmi vill, en sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi eru þó tíðast nefnd.

3. NIÐURSTÖÐURNAR OG FYRIRLIGGJANDI TILLÖGUR UM SAMEININGAR

Séu niðurstöður kannananna skoðaðar eftir sveitarfélögum eru vísbendingar um að 2 af 17 sveitarfélögum myndu fella – í það minnsta yrðu úrslit tvísýn. Í nokkrum sveitarfélaganna virðast þeir kostir sem fólk lítur til nokkuð dreifðir og því erfiðara en ella að ráða í hvað mun gerast þegar kosið verður um fyrirbyggjandi tillögur.

Sunnan við Skarðsheiði virðist vilji fólks eindreginn og því gefa kannanir skýra vísbendingu um að þar fækki sveitarfélögum úr fjórum í eitt.

Í Borgarfjarðarhéraði eru mál öllu flóknari. Íbúar Kolbeinsstaðahrepps eru ekki eindregið með sameiningu yfirleitt og Skorrdælingar ekki sammála um hverjum þeir ættu að sameinast. Aðrir virðast vera meira samstíga um að vilja sameiningar. Borgfirðingar nefna ekki Eyja- og Miklaholthrepp í sínum kostum og Sameiningarnefnd leggur til að hann sameinist út á Snæfellsnes. Íbúar hreppsins eru þessu ekki sammála. Verði þessi vilji íbúa til að breyta tillögum sem kosið verður um segir könnunin okkur lítið sem ekkert um vilja Borgfirðinga og Mýramanna til að hafa hreppinn með sér í nýju sveitarfélagi. Nokkuð öruggt má telja að Borgarbyggð, Hvítársíðuhreppur og Borgarfjarðarsveit sameinist, hvað sem öðru líður. Myndi þá sveitarfélögum á því svæði fækka úr þremur í eitt.

Kannanirnar gefa eindregið til kynna vilja Dalamann og Saurbæinga til að sameinast. Margt bendir einnig til þess að Reykhólahreppur verði þar með. Fækkar þar sveitarfélögum að líkindum úr þremur í eitt.

Snæfellsnes er töluvert spurningamerki. Í Grundarfirði, sem liggur landfræðilega í miðjunni eru viðhorfin neikvæðari en hitt ef eitthvað er. Felli Grundfirðingar verður sameining erfiðari fyrir hina. Í besta falli yrði þá sameining milli Stykkishólms og Helgafellssveitar. Fækkaði þá um eitt sveitarfélag á svæðinu.

Í ljósi þessara hugrenninga sem byggðar eru á túlkunum niðurstaðnanna mun sveitarfélögum á Vesturlandi fækka úr 17 í 10 og að auki fækkaði um eitt á Vestfjörðum, hvað sem frekari fækkunum liði þar. Sveitarfélagunum á Vesturlandi gæti þó fækkað meira, en heldur virðist ótryggara um það að spá.